

Fundargerð

288. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Miðvikudaginn 24. júní 2020 kl. 8³⁰–10²⁵.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt með breytingu, án áritunar

2. Rekstraráætlun.

ÓK fór yfir rekstur allra vörflokka með glærum fyrir janúar – apríl/maí 2020 með hliðsjón af sama tímabili 2019 og drögum að rekstraráætlun næsta árs. Farið var yfir skilahlutföll og sjóðsstöður hvers vörflokks.

Stjórn ræddi stöðu vörflokka og hugsanlega tillögu til UAR um breytingar á úrvinnslugjöldum. Rætt var að skila tillögum að breytingum á álagningu úrvinnslugjalds í byrjun ágúst.

3. Stefnumótun.

Lögð voru fram á fundinum drög að bæklingi, tvær útgáfur, sem Guðrún Ragnarsdóttir setti saman um stefnumótun stjórnar og hafa áður verið kynntar stjórn. Ákveðið að málið yrði tekið fyrir aftur á næsta stjórnarfundum.

4. Úrvinnslusjóður.

Stjórn ræddi um niðurstöðu fundar stjórnar með umhverfis- og auðlindaráðuneyti (UAR) um fjármál sjóðsins sem fór fram 10. júní sl.

Fyrir fundinum lá fyrir tölvupóstur frá UAR þar sem segir að, í samræmi við það sem var rætt á fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs með ráðuneytinu, þá er óskað eftir að fá upplýsingar um það á hverju stjórn Úrvinnslusjóðs byggir þær áhyggjur sínar, að breyting á lögum um úrvinnslugjald (í þá veru að úrvinnslugjaldið sé skattur) muni fara í bága við framleiðendaábyrgðina sem tilskipun ESB byggir á. Þ.m.t. að vísað sé til þeirra ákvæða tilskipunarinnar sem stjórnin telur að slíkt fyrirkomulag samræmist ekki.

Rætt var um ábyrgðarkeðjuna hjá framleiðendum þ.e. að bæði að minnka umbúðir sem og hafa rétta meðhöndlun á úrgangi til að ná endurvinnslumarkmiðum. Ef úrvinnslugjald er skattur sem framleiðendur/innflytjendur greiða og sjóðurinn fær framlag á móti úr ríkissjóði fyrir úrvinnslu úrgangs eru tengslin slitin þannig að lítill hvati myndast fyrir fyrirtæki til að taka ábyrgð á sínum vörum, t.d. minnka umbúðir, og það er andstætt markmiðum hringrásarkerfisins og framleiðendaábyrgðar.

Fulltrúar atvinnulífs og sveitarfélaga samþykkir að láta vinna álitserð um hvort tillaga umhverfis- og auðlindaráðuneytisins að breytingum á lögum um úrvinnslugjald samrýmist tilskipunum ESB um framleiðendaábyrgð.

5. Önnur mál.

Engin.

Næsti fundur 1. júlí 2020 kl. 9:00

Fundi slitið kl. 10.25